



Sjálfsmatsskýrsla
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2018-2019

Kristján Ásmundsson
Skólameistari FS

Hér verður farið stuttlega yfir þau markmið sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila og hvernig gengið hefur að ná þeim. Einnig fylgir skýrsla matsnefndar fyrir þetta skólaár ásamt niðurstöðum kennslumats þessar tvær annir.

Markmið í kjarnastarfsemi sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila:

1. Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi.
2. Bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma.
3. Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífsins.

Markmið varðandi rekstrarþætti:

1. Aukin stoðþjónusta til að sporna gegn brotthvarfi
2. Bætt nýting fjármuna
3. Efling mannauðs

Skólinn hefur undanfarnar annir verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi og mun halda því áfram en styrkur sem ráðuneytið veitti til verkefnisins er ekki lengur í boði, því miður. Skólinn mun leita annarra leiða til að fjármagna þetta.

Haustið 2017 hóf 251 nýnemi nám við skólann. Nú fjórum önnum síðar, á haustönn 2019, þá hafa 22 nemendur bæst við upphaflega hópinn, þetta eru nemendur sem hófu nám í öðrum skóla eða fóru ekki í skóla strax að loknum grunnskóla. Það eru 62 nemendur af upphaflega hópnum sem hafa hætt námi sem gerir 24,7% og spurning hvort þetta er vísbending um stærð brotthvarfs. Skólanum er ekki kunnugt um hvort þessir nemendur hafi farið annað í nám. Vonandi eiga þau eftir að koma inn síðar til að ljúka námi.

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar úr kennslumati og tölur um brotthvarf undanfarnar annir.

| | Haust 2017 | Vor 2018 | Haust 2018 | Vor 2019 | viðmið |
|--------------------|------------|-----------|------------|-----------|--------|
| Kennslumat almennt | 4,24 | 4,35 | 4,45 | 4,34 | 4 |
| Hvatningin | 4,12 | 4,18 | 4,35 | 4,26 | 3,8 |
| Hrósið | 4,16 | 4,28 | 4,34 | 4,29 | 3,8 |
| Líðan | 4,24 | 4,37 | 4,52 | 4,38 | 4,25 |
| Brotthvarf | 9,20% | 8,8% | 9,80% | 8,8% | 10% |
| Hættu á önninni | 60 (6,2%) | 56 (6,8%) | 55 (6%) | 41 (5,1%) | |

Ef taflan hér að ofan er skoðuð þá sést að þeim markmiðum sem sett voru varðandi hrós, hvatningu og líðan nemenda hefur verið náð.

Ennfremur má sjá að brotthvarf í áföngum er undir viðmiðum sem skólinn setti sér og miðað við það hefur dregið úr brotthvarfi. Brotthvarfið er ekki á niðurleið miðað við niðurstöðuna fyrir haust 2018 þrátt fyrir tilraunir skólans til að draga úr því. Það jákvæða er að þeim sem hætta alveg í skóla hefur fækkað. Verið getur að nemendur hætti frekar í einstaka áföngum og minnki þannig við sig í námi heldur en að hætta alfarið í skólanum. Þá er þessi mæling frekar að mæla brotthvarf F-eininga sem segir samt ákveðna sögu. Þeim sem hætta alveg í skóla fækkar enn frekar á vorönn 2019. Eftirfarandi tafla gefur einnig vísbendingu um þetta en á henni má sjá hlutfall af fjölda nýnema sem eru enn í skóla að fjórum önnum liðnum en það hefur hækkað sem er jákvætt og gefur okkur vísbendingu um

að heldur sé að draga úr brotthvarfi í skólanum og að þær aðgerðir sem skólinn hefur verið að beita séu að skila árangri.

| | Fjöldi nýnema | Enn í skóla eftir tvö ár | Hlutfall | Bæst við |
|---------------------|---------------|--------------------------|----------|----------|
| Tímabilið 2015-2017 | 254 | 166 | 65,4% | 22 |
| Tímabilið 2016-2018 | 255 | 175 | 68,9% | 16 |
| Tímabilið 2017-2019 | 251 | 189 | 75,3% | 22 |

Forvitnilegt er að skoða þá nemendur sem innrituðust á stúdentsbrautir á haustönn 2016 en þeir voru einungis 31,4% af nemendahópnum. Þetta eru þeir nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði á þessar brautir og eiga því að ráða við námið. Tæp 43% þeirra hafa lokið því á þremur árum eins og að var stefnt í upphafi (13,3% af öllum hópnum sem innritaðist upphaflega).

Nærri helmingur (50,2%) þessa upphaflega hópi er enn í námi en er væntanlega að fara að ljúka því um áramót eða í vor.

Það er ekki gott að um 40% þessa hóps skuli hafa hætt námi án þess að ljúka prófi hjá okkur en við vitum ekki hvort einhver þeirra hafi farið til náms í öðrum skólum. Einnig getur verið að hluti þeirra sé í starfsnámi á þessari önn og komi þess vegna ekki fram.

Eftirfarandi töflur sýna annarsvegar skiptingu nýnema á brautir á haustönn 2016 og síðan önnur sem sýnir hvernig stúdentum hefur vegnað í náminu.

Dreifing nýnema á brautir haustönn 2016

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------|--------|----------|
| Almenn braut | 101 | 39,6% |
| Stúdentsnám | 80 | 31,4% |
| Verknám | 30 | 11,8% |
| Starfsnám | 23 | 9,0% |
| Starfsbraut | 21 | 8,2% |

samtals 255

16 nemendur bættust við seinna, sem ýmist voru að koma úr öðrum skólum eða höfðu ekki farið í skóla. Fimm þeirra eru hætt en 11 eru ennþá í skólanum.

| Haustönn 2016 | | |
|--------------------------------|--------|----------|
| Nýnemar 255 | Fjöldi | hlutfall |
| Skráðir á stúdentsbrautir | 80 | 31,4% |
| Útskrifaðir stúdentar á 3 árum | 34 | 42,5% |
| Enn í skólanum | 30 | 37,5% |
| Hættir | 16 | 20,0% |

Af þessum 255 nýnemum sem skráðu sig í skólann í upphafi þá eru rúmlega helmingur enn í skólanum, rúm 13% hafa útskrifast og tæp 40 prósent hafa hætt, farið í annan skóla eða eru í starfsnámi á þessari önn.

Það eru heldur færri sem fóru í stúdentsnám í þessum árgangi en þeim á undan en hlutfall útskrifaðra er hærra og heldur færri hafa hætt. Það er spurning hvort aðhaldið er að skila árangri.

Skólinn hefur stöðugt verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi en fyrsta markmið gengur útá það. Síðastliðið haust voru allir nemendur á framhaldsskólabrautum settir í sér áfanga (NEMÓ) þar sem þau mæta tvisvar í viku á móti íþróttum til að ekki myndist eyða í töflu. Þetta var inni á aðgerðaráætluninni.

Í NEMÓ er verið að kenna nemendum m.a. námstækni, skipulag, á INNU og gera námsáætlun allt í því skini að efla sjálfstraust þeirra gagnvart námi. Stundum eru þessir tímar teknir undir námsver. Þetta gafst vel á síðasta skólaári og því var ákveðið að halda þessu áfram í þeirri von að þetta gæti leitt til þess að nemendur héldust í námi til enda.

Á framhaldsskólabraut fornámslínu er mikið utanumhald þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda jafnt í námi sem lífinu sjálfu. Auk þess var bætt við tíma (HVAT) þar sem áhersla var lögð á að efla sjálfsvitund nemenda og ýta undir heilbrigða lífnaðarhætti með hreyfingu og hollustu í næringu. Með þessu er vonast til að ná betur til nemenda, efla metnað þeirra og framtíðarsýn svo þau ljúki skilgreindu námi en gefist ekki upp.

Skólinn hefur endurnýjað samning við Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar um sálfræðiþjónustu fyrir nemendur (hálfst stöðugildi).

Í skólanum eru nemendur af 18 þjóðernum. Á haustönn 2018 var ráðinn verkefnastjóri í hlutastarf til að halda utan um þessa nemendur eins og kemur fram í aðgerðaáætlun. Áhersla hefur verið lögð á að efla kunnáttu þeirra á íslensku og að þau hafi einhvern starfsmann sem þau geti leitað til með alla hluti innan skólans. Með því aukast líkur á því að þau nái að ljúka námi en strandi síður á bóklegum hluta þess. Fundað var með verkefnastjóra í málefnum útlendinga hjá Reykjanesbæjar um þessi mál og samstarfið við þau hefur verið gott.

Verkefnastjóri var í hálfu starfi sem fylgdist meðal annars með mætingu nemenda og veitti þeim aðhald. Eftirfarandi tafla sýnir mætingu nemenda síðastliðnar þrjár annir.

Yfirlit yfir skólasókn

| | Meðalskólasókn | Raunmæting |
|------------|----------------|------------|
| Vor 2018 | 84,4% | 82% |
| Haust 2018 | 86,9% | 83,7% |
| Vor 2019 | 85% | 83% |

Ljóst er að þau markmið sem sett voru varðandi mætingar eru ekki að nást (vera yfir 89,7%) en það má skýra með þeim breytingum sem gerðar voru á mætingakerfinu (við lok haustannar 2017). Þá var því breytt á þá leið að hætt var að gefa leyfi og allar fjarvistir voru skráðar sama hver ástæðan var. Einu leyfin sem gefin eru eru vegna landsliðsferða eða þá að þetta séu fjarvistir vegna námsferða. Skýringar á fjarvistunum eru skráðar en einkunn vegna mætingar endurspeglar einfaldlega viðveru í kennslustundum. Að mati sumra kennara hefur þetta leitt til betri mætinga nemenda.

Markmið skólans er að bæta mætingu nemenda, því samband er milli námsárangurs og mætinga eins og við höfum séð í könnunum hjá okkur. Rétt væri að endurskoða viðmiðið og hafa það til að byrja með að meðalskólasókn verði yfir 87%, þarna eru engin leyfi eða vottorð tekin með (raunmæting viðmið 85%).

Ekki eru komin gögn yfir þá starfsnámsnemendur sem hafa lokið námi í nýju kerfi þar sem stutt er síðan þær brautir voru teknar upp.

Eftirfarandi töflur sýna skiptingu nýnema á brautir skólans á þessari önn (haust 2019) og síðustu haustönn til samanburðar. Áhugavert er að virða fyrir sér mismuninn milli kynja í þessu sambandi. Strákar eru mun fjölmennari en stúlkur í skólanum, hlutfall stráka er tæp 59% en stelpur eru rúm 41% nemenda. Þarna sést í hvaða nám kynin sækja, stelpurnar sækja í stúdentsnám en strákarnir í bæði stúdents- og verklegt nám. Rétt er að benda á aukningu nemenda á starfs- og verknámsbrautum en af þessari töflu má sjá að námsframboðið er fjölbreytt.

Skipting nýnema á brautir

| Haust 2019 | strákar | stúlkur | alls | strákar | stúlkur | alls |
|----------------------------|---------|---------|------|---------|---------|-------|
| Framhaldsskólabraut | 62 | 51 | 113 | 47,3% | 49,0% | 48,1% |
| Stúdentsbrautir | 27 | 42 | 69 | 20,6% | 40,4% | 29,4% |
| Verk- og starfsnámsbrautir | 29 | 6 | 35 | 22,1% | 5,8% | 14,9% |
| Starfsbraut | 13 | 5 | 18 | 9,9% | 4,8% | 7,7% |
| alls | 131 | 104 | 235 | 55,7% | 44,3% | |

Skipting nýnema á brautir

| Haust 2018 | strákar | stúlkur | alls | strákar | stúlkur | alls |
|----------------------------|---------|---------|------|---------|---------|-------|
| Framhaldsskólabraut | 74 | 42 | 116 | 57,8% | 42,9% | 51,3% |
| Stúdentsbrautir | 27 | 48 | 75 | 21,1% | 49,0% | 33,2% |
| Verk- og starfsnámsbrautir | 12 | 4 | 16 | 9,4% | 4,1% | 7,1% |
| Starfsbraut | 15 | 4 | 19 | 11,7% | 4,1% | 8,4% |
| alls | 128 | 98 | 226 | 56,6% | 43,4% | |

Skipting nemenda á brautir á haustönn 2019

| | KK | KVK | alls | % KK | % KVK | % alls |
|---------------------|-----|-----|------|------|-------|--------|
| Framhaldsskólabraut | 179 | 101 | 280 | 33% | 26% | 30% |
| Starfsbraut | 55 | 14 | 69 | 10% | 4% | 7% |
| Starfsnám | 11 | 16 | 27 | 2% | 4% | 3% |
| Stúdent-bók | 136 | 208 | 344 | 25% | 54% | 37% |
| Stúdent-starfsnám | 48 | 25 | 73 | 9% | 7% | 8% |
| Verknám | 117 | 18 | 135 | 21% | 5% | 15% |
| | 546 | 382 | 928 | 59% | 41% | |

Hér að ofan er hægt að sjá skiptingu allra nema á brautir skólans á núverandi önn. Tilhneigingin er sú sama og verið hefur með það nám sem kynin velja. Einnig er vert að benda á þá staðreynd að tæp 56% nýnema (48,1+7,7) eru ekki að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir en framhaldsskólabraut og starfsbraut og meirihluti þeirra eru strákar, 57% en stúlkurnar eru 43% þessa hóps. Þetta er sá hópur sem er í hvað mestri brotthvarfshættu og hefur minnsta skuldbindingu gagnvart námi.

Til samanburðar er hér að neðan skipting allra nemenda á brautir á vorönn 2019

| Braut | KK | KVK | KK% | KVK% | Allir |
|---------------------|------------|------------|-----|------|-------|
| Framhaldsskólabraut | 140 | 88 | 29% | 27% | 28% |
| Starfsbraut | 46 | 13 | 10% | 4% | 7% |
| Starfsnám | 19 | 16 | 4% | 5% | 4% |
| Stúdent-bók | 139 | 184 | 29% | 56% | 40% |
| Stúdent-starfsn. | 33 | 17 | 7% | 5% | 6% |
| Verknám | 101 | 9 | 21% | 3% | 14% |
| | 478 | 327 | 59% | 41% | |

Skólinn hefur mjög breitt námsframboð sem ætti að henta fyrir flesta. Allar brautirnar eru komnar inn í grunninn nema tvær verknámsbrautir sem bíða samþykktar.

Skólinn hefur tekið þátt í því að auglýsa starfsnám með öðrum starfsnámsskólum. Auk þess hefur, í samstarfi við vinnuskólann í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ, verið boðið uppá smiðjur í verklegum greinum fyrir nemendur í 9. bekkjum grunnskólanna í júní og hefur það gengið vel. Einnig hefur verið boðið uppá verklega áfanga fyrir nemendur í bæði 9. og 10. bekkja grunnskólanna í vetur sem eykur enn frekar kynningu á verklegu námi.

Grunnnám í matvæla- og ferðagreinum var auglýst en fór ekki af stað í haust þar sem eftirspurnin var ekki næg.

Rekstrarþættir

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2019 er 1032, þar af 113 grunnskólanemendur (hlutfallsskipting er 59% strákar og 41% stelpur H19). Þetta er nokkuð fleiri nemendur en voru á síðustu haustönn og spurning hvort atvinnuástandið á þar þátt en atvinnuleysi hefur aukist. Í því sambandi má einnig nefna að nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað mikið frá því sem var.

Mannauður: Fjöldi starfsmanna er 95, þar af eru kennarar 67, þroskaþjálfar og ráðgjafamenntaðir starfsmenn eru 4, námsráðgjafar 3 og stjórnendur 4 auk þess eru 4 stundakennarar. Annað starfsfólk sem sér um skrifstofu, bókasafn, húsvörslu, stuðningsfulltrúar og starfsfólk í eldhúsi er 13 talsins. Ræsting er boðin út og er í verktöku.

Með eftirfarandi töflu er hægt að bera saman nokkra þætti milli þriggja haustanna (upphaf þriggja skólaára) er varða mannaúð skólans og rekstrarþætti tengda kennslumagni.

| | Haust 2017 | Haust 2018 | Haust 2019 |
|--------------------------------------|---------------|--------------|----------------|
| Meðalaldur kennara | 51,1 ár | 50,87 ár | 49,14 ár |
| Meðalaldur allra starfsmanna | 50,36 ár | 50,03 ár | 50,26 ár |
| Meðalstarfsaldur í kennslu í FS | 12,4 ár | 12,3 ár | 12,2 ár |
| Meðalstarfsaldur í kennslu í heild | 16,13 ár | 16,4 ár | 16,02 ár |
| Viðbótarorlof samtals | 1665,6 klst. | 1730 klst. | 1558 klst. |
| Aldurafsláttur samtals | 2678 klst. | 2514 klst. | 2466 klst. |
| Heildarkennslumagn á önn | 51788,5 klst. | 53770 klst. | 51463,84 klst. |
| Heildarkennslumagn á viku | 2877 klst. | 2987 klst. | 2859 klst. |
| Skerðing vegna endurtekningar áfanga | 1002,8 klst. | 1015,6 klst. | 1043,67 klst. |
| Aukaverkefni skv. C-hluta | 2145 klst. | 2021 klst. | 2881 klst. |

Meðalaldur kennara, miðað við núverandi skólaár, er rúmlega 49 ár (49,14). Það eru 15 kennarar yfir 60 ára aldri og 12 til viðbótar eru milli 55 og 60 ára, þannig að 27 kennara er yfir 55 ára aldri. Kennarar hafa verið að fara á eftirlaun undanfarin ár og því hefur meðalaldurinn heldur lækkað þar sem yngri kennarar hafa verið ráðnir inn, þetta sést á meðalaldri og fjölda stunda í viðbótarorlof og aldursafsláttar.

Breyting var gerð á stjórnunarkerfinu og hlutfall millistjórnenda var aukið úr 10% í 30% hlutfall og útbúin var sérstök aðstaða fyrir námstjórana eins og þeir kallast núna. Einnig er verið að bæta við sérverkefnum er snerta erlend samskipti og umsjón með nemendum af erlendum uppruna aukin lítillaga vegna fjölgunar þeirra.

Kynjaskiptingin í kennarahópnum er nokkuð jöfn. Það eru 5 kennara sem eru án kennsluréttinda en allir með fagréttindi.

Það voru 13 kennara sem fengu launþrep vegna alúðar á síðasta skólaári sem er aðeins undir viðmiði (15-19).

Fjöldi mætingasamninga á haustönn 2018 voru 63 og á vorönn 2019 voru þeir 111 og eru það heldur færri en skólaárið á undan og undir þeim viðmiðum sem sett eru í stefnuskjali.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir fjölda samninga og hvernig gekk. Af þessu má ráða að þetta aukna og virka eftirlit hafi gefist vel og hlutfallslega fleiri séu að standa við samninginn varðandi mætingar.

| | Haust 2018 | | Vor 2019 | |
|----------------|------------|------|----------|------|
| Brot á samning | 43 | 68% | 65 | 59% |
| Án brots | 20 | 32% | 31 | 28% |
| Hætt | - | - | 7 | 13% |
| ALLS | 63 | 100% | 111 | 100% |

Það voru 206 klst. sem fóru í skilgreinda stoðþjónustu á vorönn 2019 auk sálfræðiþjónustunnar. Það er í takti við það sem áætlað var í stefnuskjali.

Kostnaðurinn við þetta er á pari við það sem áætlað var í stefnuskjali. Leita þarf leiða til að fjármagna þetta þegar styrkveiting ráðuneytisins er ekki lengur til staðar.

Áfram hefur verið haldið við að endurnýja búnað og tæki svo halda megi öllu í viðunandi horfi. Endurnýjun tölvubúnaðar og húsbúnaðar er sömuleiðis í takti við það sem segir í stefnuskjali og áætlað var.

Búið er að endurskoða sjálfsmatsblað kennara og matshringinn fyrir innra matið. Heildar niðurstöðurnar fyrir hvora önn má sjá hér að aftan. Í framhaldi af því var framgangskerfið endurskoðað og einnig vegna innleiðingar vinnumatsins.

Skýrsla matsnefndar fer hér á eftir sem og niðurstöður kennslumatsins fyrir haustönn 2018 og vorönn 2019. Skólaskýrslan er komin á heimasíðu skólans en þar má finna frekari upplýsingar um starfsemina. <https://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskýrsla2018-2019.pdf>

Skýrsla matsnefndar

Inngangur

Á haustönn 2018 mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Axel Sigurbjörnsson, Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2018

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metin.
2. Könnun á líðan starfsmanna í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert með hefðbundnu sniði. Spurningalisti er snýr að námi, kennslu og kennsluháttum er lagður

fyrir alla nemendur ákveðins hóps kennara, en um það bil fjórðungur kennara er metinn á hverri önn. Niðurstöður eru síðan lagðar til grundvallar starfsmannaviðtals.

Í nóvember 2018 var lögð fyrir könnun um líðan starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sambærileg könnun var gerð haustið 2013. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er lögð áhersla á að kanna líðan kennara og starfsfólks með reglulegu millibili enda skiptir hún mjög miklu máli í starfsumhverfinu. Niðurstöður þessarar könnunar verða bornar saman við sambærilega þætti í könnuninni sem gerð var 2013 með það að markmiði að gera úrbætur þar sem þeirra er þörf. Í könnunni var megináherslan á þætti er varða vinnuaðstöðu, samskipti, andlega líðan, starfsánægju og andlegt, líkamlegt og kynferðislegt áreiti.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2019

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metin.
2. Könnun á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum.
3. Könnun á fyrirætlunum sumarsins hjá ungmönnum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
4. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Kennslumat var lagt fyrir í öllum hópum fjórtán kennara. Í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl við þá kennara.

Á vorönn aðstoðaði matsnefnd FS við gerð og fyrirlagningu könnunar á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum. Könnunin var unnin í samvinnu Sambands íslenskra framhaldsskólanema, Mennta- og menningarráðuneytisins og Heilbrigðisráðuneytisins. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi og var hún sent út á 757 netföng. Svarhlutfall var 37,3%. Niðurstöður voru sendar hlutaðeigandi aðilum og var unnið úr þeim þar.

Þá aðstoðaði matsnefnd FS við gerð og fyrirlagningu á könnun á fyrirætlunum sumarsins hjá ungmönnum í FS. Tilgangur þessarar könnunar var að kanna atvinnuástand meðal nemenda FS á komandi sumri, með það fyrir augum að bjóða upp á sumarönn í 4-5 vikur fyrir þá sem það kjósa. Könnunin var unnin af stjórnendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Könnunin var send út á 757 netföng og var svarhlutfall 58.8%.

Niðurstöður voru sendar hlutaðeigandi aðilum og var unnið úr þeim þar.

Tillögur til úrbóta.

Könnun á líðan starfsmanna í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Umgengni og aðbúnaður

Enn eru starfsmenn fremur óánægðir með eigin umgengni og ekki augljóst hvernig hægt er að bæta úr því á annan hátt en með sameiginlegu átaki og árvekni starfsmanna sjálfra.

Húsgögn í kennslustofum og vinnuástöðu má yfirfara af fagaðila ss. iðjuþjálfara eða sjúkraþjálfara og stilla fyrir hvern eftir aðstæðum og auka þannig vellíðan starfsmanna og draga úr hættu á stoðkerfisvandamálum.

Óþægileg stríðni og einelti

Einn starfsmaður segist hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni og einelti en þessi atriði koma endurtekið fyrir í könnunum af þessu tagi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að viðvarandi einelti og óþægileg stríðni á sér stað í starfsmannahópnum eins og kannanir frá 2011 og 2013 sýna einnig. Þess vegna er mikilvægt að halda umræðu um forvarnir gegn einelti við með frekari fræðslu og umræðum á fundum eins og gert hefur verið undanfarin ár.



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja haustönn 2018

Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti

| | | |
|------------------------------|---|---|
| 1 | Ég sinni náminu vel í þessum áfanga | 4,26 |
| 2 | Kennarinn er stundvís | 4,58 |
| 3 | Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel | 4,58 |
| 4 | Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt | 4,57 |
| 5 | Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist | 4,56 |
| 6 | Ég er sátt/ur við framkomu kennarans | 4,57 |
| 7 | Í þessum áfanga er góður vinnuandi | 4,43 |
| 8 | Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga | 4,35 |
| 9 | Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt | 4,34 |
| 10 | Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð | 4,51 |
| 11 | Mér finnast útskýringar kennarans góðar | 4,41 |
| 12 | Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna | 4,51 |
| 13 | Kennarinn hvetur mig áfram í náminu | 4,35 |
| 14 | Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel | 4,34 |
| 15 | Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum | 4,19 |
| 16 | Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu | 4,55 |
| 17 | Mér líður vel í þessum áfanga | 4,52 |
| Annað sem þú vilt taka fram: | | <i>Meðaltal allra spurninga á haustönn 2018 er 4,45</i> |
| | | <i>Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,46</i> |



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja vorönn 2019

| | | | mjög sammála | frekar sammála | hvorki samm. né ósamm. |
|----|--|---|--------------|----------------|------------------------|
| | Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti | | | | |
| 1 | Ég sinni náminu vel í þessum áfanga | 4,2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | Kennarinn er stundvís | 4,54 | 5 | 4 | 3 |
| 3 | Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel | 4,53 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt | 4,55 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist | 4,51 | 5 | 4 | 3 |
| 6 | Ég er sátt/ur við framkomu kennarans | 4,56 | 5 | 4 | 3 |
| 7 | Í þessum áfanga er góður vinnuandi | 4,26 | 5 | 4 | 3 |
| 8 | Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga | 4,23 | 5 | 4 | 3 |
| 9 | Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt | 4,29 | 5 | 4 | 3 |
| 10 | Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð | 4,46 | 5 | 4 | 3 |
| 11 | Mér finnast útskýringar kennarans góðar | 4,41 | 5 | 4 | 3 |
| 12 | Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna | 4,46 | 5 | 4 | 3 |
| 13 | Kennarinn hvetur mig áfram í náminu | 4,26 | 5 | 4 | 3 |
| 14 | Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel | 4,29 | 5 | 4 | 3 |
| 15 | Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum | 4,03 | 5 | 4 | 3 |
| 16 | Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu | 4,54 | 5 | 4 | 3 |
| 17 | Mér líður vel í þessum áfanga | 4,38 | 5 | 4 | 3 |
| | Annað sem þú vilt taka fram: | <i>Meðaltal allra spurninga á vorönn 2019 er 4,34</i> | | | |
| | | <i>Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,35</i> | | | |